197. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í þjónustuhúsi Gufuneskirkjugarðs

Miðvikudaginn 29. nóvember 2023.

Mættir voru: Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 10:10*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Líkhúsmál – staðan í dag.* Kirkjugarðaráð hefur áhyggjur af endurteknum frestunum á fundi með dómsmálaráðherra sökum alvarlegrar stöðu sem komin er upp í málaflokknum. Kirkjugarðaráð leggur því áherslu á að ný dagsetning fundar þann 7. desember standist.
3. *Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2022*. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.
4. *Stefnumótun fyrir kirkjugarðaráð og Kirkjugarðasjóð.* Í ljósi fyrirhugaðrar ráðningar nýs framkvæmdarstjóra kirkjugarðaráðs var rætt um hvert kirkjugarðaráð ætti að stefna í starfsemi sinni og mögulegar breytingar. M.a. að skerpa þurfi línur milli kirkjugarðaráðs og kirkjugarðasambandsins, en skilin hafa verið óljós gegnum tíðina. Heppilegt væri ef kirkjugarðaráð tæki yfir vinnu með Kirkjugarðasjóð. Fulltrúar voru sammála um að mikilvægt sé að halda áfram faglegum stuðningi við kirkjugarða um landið og að veita leiðsögn um skipulag og framkvæmdir. En Guðmundur Rafn segir 60% síns vinnutíma fara í slíkt. Grundarvallaratriði í starfi framkvæmdastjóra sé að vera sjáanlegur og skapa trúnaðartraust gagnvart sóknarnefndum og sveitarstjórnum. Meðfram nýráðningu væri þó ráðlegt að styrkja rekstrarþáttinn í kirkjugarðaráði. Spara má aðkeypta þjónustu við bókhald og aðra umsýslu með því að ráða starfskraft sem sinnir fjárhagshlið ráðsins. Slíkur starfsmaður myndi jafnframt styrkja nýjan framkvæmdastjóra í starfi.
5. *Ný starfslýsing í tengslum við auglýsingu eftir nýjum framkvæmastjóra.* Ingvar, Smári og Valtýr efna í drög að starfslýsingu. Starfslýsingin verður kynnt kirkjugarðaráði til samþykktar á fundi í janúar. Stefnt er á að auglýsa starfið laust í febrúar og að nýr framkvæmdastjóri hefji störf 1. júlí 2024. Rætt var hvort leita ætti ráðgjafar hjá ráðningastofu.
6. *Skýrsla um minjavernd – umsögn frá kirkjugarðaráði*. Guðmundur Rafn og Rúnar efna í umsögn og bera undir kirkjugarðaráð til staðfestingar í gegnum tölvupóst.
7. *Engin önnur mál.*
8. *Næsti fundur.* Föstudaginn 26. janúar kl. 10:00.

Fundi var slitið kl. 12:40